

Fundur 11.12.2023 Elísabet dó í bílslysi fyrir 44 árum.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Takk fyrir að taka vel á móti mér, hef ég ekki tala við ykkur áður og hefur mig mikið langað til að ná aftur sambandi við gömlu jörðina og ykkur fólkið mitt.

Árin líða og það fyrnist yfir atburðina en gömlu sárin eru enn jafn djúp og alltaf eins og einhverju sé ólokið og mér var sagt að það væru mörg slík sambönd sem biðu, eins og þetta samband mitt við ykkur.

Og það sé betra fyrir ykkur og miðil ykkar að ég tali til ykkar um mín málefni til að liðka fyrir öðrum slíkum samböndum síðar og tók ég fúslega í það og tel ég að ég hafi náð nokkuð góðum tókum á lífi mínu hér í framlífi.

Og það þarf ekki svo mikinn kjark til að tala til ykkar, þegar maður er í jafnvægi og hefur þekkingu á þeim lögmálum sem hér gilda, og vona ég að það komist til skila.

Ég hef nú gantast með það að vísu, að sumir af þeim sem komu hér fram og hafa oft komið fram eru þaulvanir slíku og hafa orkuna á hreinu, hef ég að vísu all góða orku hér í framlífi og mjög góða orku og kvarta ekki undan því.

En hef ég aldrei lýst ævi minni fyrir ykkur og það eru persónuleg tengsl og rifjar upp gamlar minningar um hvað hefði orðið og persónuleg tengsl við fjölskylduna sem enn eru til staðar og sem ég vonandi hef unnið úr flestum, en kannski ekki öllum og veit ég til þess að sumir eru taugaóstyrkir í þeim kringumstæðum, reyna samt.

Og vona ég að mér takist að koma með gott erindi hér í kvöld og hef ég gott sjálfstraust, tel ég, en hef ég ekki talað við ykkur áður og finnst mér það ákveðin heiður að tala á slíkum fundi þessa félags sem komið er óvenju langt í því að taka vel á móti okkur sem erum á framlífs jörð, en ekki andlega sviði.

Og grunaði mig aldrei að mín eigin þjóð væri í fararbroddi í þeim efnum, þegar ég lést, og var það mér mikið undrunarefni og ef ég á að rifja upp fyrstu stundirnar, má segja að það sé, að það hafi tekið mig tiltölulega stuttan tíma að komast yfir umskiptin líkamlega en það hafi verið mér erfiðara að samræma trega tilfinningar og hamingju tilfinningar sem ég fann fyrir samhliða og sætta mig við umskiptin og skilja við ástvini mína að fullu á jörðinni eða svo gott sem og eignast hér nýtt líf og tengjast þessu fólki og mynda ný sambönd og tengjast ættingjum og löngu liðnum ættingjum og fólki sem, það eru margir sem ég þekkti aldrei í lifanda lífi á jörðinni, en komu og heilsuðu mér og kynntu sig.

Og voru það bæði fjarskyldir ættingjar og ættingjar vina minna og kunningja sem ég hafði þekkt á jörðinni, sem kynntu sig.

Þannig að það eru ýmsir sem tengjast hér ykkur á gömlu jörðinni.

Ég var nokkuð lengi að ná mér andlega eða um það bil tíu ár, en ég eignaðist samt fjölskyldu á meðan og hafa það verið sífellt hamingjuríkari árin hjá mér og margir á því að mér hefði aldrei liðið svo vel á gömlu jörðinni og hér.

En ég hef einnig eytt stórum hluta æfi minnar hér í það að hindra það að aðrir deyi við svipaðar aðstæður og ég, ég dó í bílslysi fyrir um það bil fjórutíu árum á Íslandi.

Og ég var ung að árum og það var nokkuð erfitt að skiljast við, tók nokkurn tíma að sætta sig við það og ég lærði það að unnt er að hafa áhrif á þessi slys með því að vera í samstillingar hópi sem sendir orku til þeirra glanna sem gætu valdið slysum hjá ykkur.

Og hef ég þannig linað minn sársauka og reynt að verða að gagni og hef ég einnig frétt af því að bætt umferðarmenning hjá ykkur hafi skilað sér í miklu færri slysum og notkun á öryggisbeltum og betri bílar.

Að vísu er það svo að glannaskapur olli mínu andláti og því sem gerðist, þar sem farið var yfir á, og leðja var á botninum sem bílarnir festust í.

En engu að síður hef ég ætíð skynjað að bílslys eru sama eðlis, og nauðsynlegt að hafa áhrif á alla þá ökumenn sem fara óvarlega og sérstaklega þá sem eru ungir og óreyndir.

Eru um það bil fjörutíu ár síðan ég féll frá og hef ég haft góð samskipti við þá sem lentu í svipuðum aðstæðum og ég og finnst okkur dýrmætt að tala við ykkur og væntanlega margir sem vilja segja sögu sína einnig.

Ég eignaðist fyrsta barnið skömmu eftir og ég kom yfir og á ég hér ágæta fjölskyldu og tel að ég hafi notið hæfileika minna, ekki síður en ef ég hefði náð fullum aldri meðal ykkar og fyrsta barnabarnið á þessu ári.

En samt er mér enn þá jafn umhugað um að senda orku þeim sem eru í hættu að farast úr slysförum á Íslandi eða annar staðar.

Og vona ég að samband mitt í kvöld verði til þess að vekja athygli á þeim málum, nafn mitt er Elísabet, næ ekki alveg, já það kemur í ljós síðar.

Það var fyrir fjörutíu og fjórum árum, þið komist kannski að því, en ég þakka fyrir kærlega og hér eru margir sem bíða, sem vilja tjá sig, og vona ég að samband mitt hafi.

*Takk fyrir.*

Já þakka fyrir.

*Þakka þér fyrir þessa fróðlegu frásögn.*

Bið að heilsa öllum, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir, vertu velkomin aftur.*